

## **Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ sem fædd voru árið 2004**

### **Magnús B. Jónsson, Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir**

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2004. Ætlunin er hér á eftir að gefa yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gera grein fyrir þeim niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 24 naut í árgangi 2004. Flest eru synir Hófs 96027 eða 8, 3 eru undan hverju nautanna Soldáni 95010, Prakkara 96007, Fróða 96028 og Stíg 97010 og 1 er undan hverju nautanna Pinkli 94013, Túna 95024, Sprota 95036 og Hvítingi 96032. Þessi nautaárgangur er mun jafnari en árgangurinn 2003. Afurðasemi dætra er í góðu lagi, og sömuleiðis júgur- og spenagerð en mjaltir eru mismunandi, í sumum tilvikum afburða góðar en í öðrum tilvikum mjög slæmar. Skap er breytilegt. Besta nautið í árganginum er Stássi 04024 frá Syðri Bægisá í Öxnadal. Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna.

#### **Eldur 04001**

**F: Sproti 95036, M: Glóð 126, Laugabóli, MF: Hlemmur 91004**

Mun fleiri dætur Elds eru einlitar en tvílitar. Algengasti tvílitur er huppóttur. Rauður grunnlitur er langalgengastur en einnig dökkkolóttur. Afurðasemi dætra Elds er góð en aðrir eiginleikar í meðallagi og í heild er Eldur meðalgott naut. Dætur hans eru fremur stórar og virkjamiklar kýr með sterka bolbyggingu. Júgurkýpt er góð, en júgurfasta og júgurband í tæpu meðallagi, spenar langir, fremur þykkir en allvel staðsettir. Mjaltir eru í meðallagi en kýrnar skapgóðar. Eldur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Bursti 04003**

**F: Hófur 96027, M: Fata 206 Bryðjuholti, MF: Holti 88017**

Mikil litafjölbreytni einkennir þennan dætrahóp og eru mun fleiri einlitar en tvílitar. Algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Bursta er í meðallagi góð. Þær eru fremur virkjamiklar og vel byggðar. Júgurgerð er í tæpu meðallagi. Spenar eru vel gerðir og staðsetning góð. Mjaltir fremur góðar og skap í meðallagi.

Bursti verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Grikkur 04004**

**F: Fróði 96028, M: Lóló 1 Neðri Hól, MF: Kaðall 94017**

Langflestar dætur Grikkus eru einlitar og rauði liturinn er yfirgnæfandi þó að grunnliti aðra en gráu litina sé þar að finna. Afurðasemi dætra Grikkus er góð einkum hvað varðar prótein. Þetta eru fremur bolgrannar og útlögulitlar kýr með sterka malabyggingu og góða fótstöðu. Júgur eru vel borin, júgurfasta og júgurkýpt mjög góð, spenar vel lagaðir og mjög vel settir. Mjaltir mjög góðar en skap mjög breytilegt.

Grikkur verður tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Þorri 04005.**

**F: Hófur 96027, M: Búkolla 285, Efri Gegnishólum, MF: Óli 88002**

Allir grunnlitir finnast í dætrahópi Þorra nema gráu litirnir. Meirihluti dætranna er tvílitur er huppóttar og skjöldóttar algengastar. Allmikið er um hnýflóttar kýr. Afurðasemi dætra Þorra er í tæpu meðallagi en all góð efnahlutföll. Þessar kýr eru fremur útlögumiklar og almennt nokkuð

stórar. Malir og fótstaða sterk. Júgurgerð er góð og júgur vel borin en spenar fremur stuttir og allvel settir. Mjaltir eru nokkuð breytilegar en að jafnaði í slöku meðaltali. Skap er breytilegt. Porri verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Þinur 04006**

**F: Fróði 96028, M: Rein 449, Ytri Tjörnum, MF: Kaðall 94017**

Alla grunnliti nema gráu litina er að finna í þessum dætrahópi. Meirihluti dætranna er einlitur og eru rauðar og bröndóttar algengastar. Afurðasemi dætra Þins er góð hvað varðar afurðamagn og efnahlutföll eru í meðallagi. Þessi dætrahópur er fremur bolgrannar og útlögulitlar kýr með góðar malir og fótstöðu. Júgurgerð er mjög góð, þó er júgurfesta í slöku meðallagi, spenar vel staðsettir, hæfilega langir en fremur þykkir. Mjaltir eru mjög góðar en skap breytilegt.

Þinur verður tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Farsæll 04007**

**F: Hvítungur 96032, M: Skella 156, Daufá, MF: Búi 89017**

Einkennislitur systrahópsins er rauður og rauðbröndóttur en samt er þar alla grunnliti að finna. Meiri hluti dætrahópsins er einlitur, flestar tvílitu kýrnar eru huppóttar. Afurðasemi dætra Farsæls er slök, þó er próteinhlutfall gott. Þetta eru kýr með sterka yfirlínu og vel gerðar malir og góða skrokkbyggingu. Júgurgerðin er slök og spenar fremur langir en vel lagaðir. Mjaltir eru mjög slæmar og mikið um seinmjólka kýr. Umsögn um skap breytileg og yfirleitt fremur neikvæð.

Farsæll verður ekki tekinn í framhaldsnotkun

#### **Salómon 04009**

**F: Prakkari 96007, Bjalla 166, Hundastapa, MF: Óli-H 97810**

Mikill litafjölbreytileiki einkennir þennan dætrahóp. Hér er rauður og rauðbröndóttur litur algengastur, tvílitur kýr eru í meirihluta og algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Salómons er í góðu meðallagi. Þetta eru fremur sterkbyggðar kýr með fremur breiðar en þaklaga malir og góða fótstöðu. Júgur eru vel löguð en júgurband í tæpu meðallagi. Spenar eru fremur stuttir, vel gerðir og mjög vel settir. Mjaltir eru afbragðs góðar. Þetta eru mjög skapgóðar og vinsælar kýr. Salómon verður tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Hlaupari 04010.**

**F: Hófur 96027, M: Rós 404, Hríshóli, MF: Óli-Óla 96911**

Rauðar kýr eru algengastar í þessum hópi en einnig eru kolóttar kýr algengar. Meirihluti kúnna er tvílitur og eru huppóttar og skjöldóttar algengastar. Afurðasemi dætra Hlaupara er í tæpu meðallagi hvað varðar afurðamagn en efnahlutföll eru einstaklega góð. Þessar kýr eru fremur bolgrannar, malir eru fremur grannar og þaklaga. Júgurgerð er fremur góð en spenar fremur slakir en vel settir. Mjaltir eru í slöku meðallagi og skap breytilegt.

Hlaupari verður tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Ingjaldur 04011.**

**F: Prakkari 96007, M: Etna 132, Ingjaldsstöðum, MF: Kolbrandi 96949**

Meirihluti dætrahópsins er tvílitur og algengastar eru huppóttar og skjöldóttar kýr. Rauður, rauðbröndóttur og bröndóttur eru algengastir grunnlita. Afurðasemi dætra Ingjaldar er fremur slök, þó er próteinhlutfall gott. Þessar kýr eru fremur grannbyggðar með sterka yfirlínu. Malir eru fremur grannar og þaklaga, júgur vel löguð en júgurband fremur slakt. Spenar eru fremur slakir

en vel settir, mjaltir mjög góðar en skap í slöku meðallagi. Ingjaldur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Þrumari 04015**

**F: Hófur 96027, M: Þruma 175, Ystahvammi, MF: Túni 95024**

Flestir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi en rauður og ljósrauður langalgengastir. Algengustu tvílitir eru huppóttur, síðóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Þrumara er í meðallagi góð bæði hvað varðar afurðamagn og verðefni, þó er fituhlutfall mjög hátt. Þetta eru bolmiklar kýr með fremur góða yfirlínu og góðar malir og fótstöðu. Júgur eru mjög vel borin, júgurdípt mjög góð og júgurband áberandi sterkt. Spenar eru í meðallagi langir, mjög vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi en þetta eru skapgóðar og vinsælar kýr.

Þrumari verður tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Hjálmur 04016.**

**F: Pinkill 94013, M: Baula 421, Hjálmholti, MF: Blakkur 93026**

Mikill litafjölbreytileiki einkennir þennan dætrahóp. Enginn grunnlitanna sker sig sérstaklega úr og meirihluti kúnna er tvílitur. Algengasti tvílitur er huppóttur og skjöldóttur en allir finnast nema grönóttur. Afurðasemi dætra Hjálms er mikil, þó er fituhlutfall lágt. Þetta eru virkjamiklar kýr meðð mikla boldýpt með góða malabyggingu. Júgurgerð er í meðallagi, spenar hæfilega langir, vel gerðir og allvel staðsettir. Mjaltir eru fremur góðar en skap mjög gott.

Hjálmur verður tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Kútur 04018.**

**F: Fróði 96028, M: Hekla 161, Vöglum, MF: Mosi 88026**

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi nema sægrár. Langflestar kýrnar eru einlitar og rauðar og dökkkolóttar algengastar. Afurðasemi dætra Kúts er í tæpu meðallagi bæði hvað varðar mjólk og verðefni mjólkur. Þessar kýr eru fremur bolgrannar með veika yfirlínu, fremur grannar malir og þaklaga og fótstöðu í meðalagi. Júgur eru vel borin og sterk en breytileg en yfirleitt eru spenar fremur stuttir, fremur grannir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar en skap breytilegt.

Kútur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Rauður 04021.**

**F: Hófur 96027, M: Pysja 4, Túnsbergi, MF: Smellur 92028**

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi en algengastar eru ljósrauðar, rauðar og rauðbröndóttar. Meirihluti kúnna er einlitur en algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Rauðs er mjög góð. Þetta eru virkjamiklar kýr með góðar malir og fótstöðu. Júgurdípt er góð og júgurfasta og júgurband sérlega gott. Spenar eru hæfilega langir, grannir en mjög vel settir. Mjaltir eru afbragðs góðar og kýrnar mjög skapgóðar.

Rauður verður tekinn í framhaldsnotkun

#### **Stássi 04024**

**F: Stígur 97010, Stássa 304, Syðri Bægisá, MF: Frískur 94026**

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi. Meirihluti dætrahópsins er einlitur og huppóttur og skjöldóttur eru algengustu tvílitir. Afurðasemi dætra Stássa er afbragðsgóð bæði hvað varðar mjólk og verðefni. Þessar kýr eru nokkuð breytilegar að stærð, grannbyggðar og með fremur veika yfirlínu. Malir eru fremur breiðar, lítið eitt hallandi og lítið eitt þaklaga. Kýrnar eru

júgurhraustar með vel borin júgur, sterkt júgurband og góða júgurfestu. Spenar eru ívið of langir, fremur grannir en vel settir. Mjaltir eru í meðallagi góðar en skap breytilegt. Stássi var valinn besta nautið í árganginum og tekinn til framhaldsnotkunnar sem nautsfaðir.

#### **Búsæll 04025**

**F: Hófur 96027, M: Búprýði 467, Litla Ármóti, MF: Smellur 92028**

Flestir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi en rauður er langalgengastur. Meirihluti dætrahópsins er einlitur og algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Búsæls er slök, hvort sem er fyrir mjólk eða efnahlutföll. Þetta eru fremur stórar kýr og rýmismiklar. Malir eru grannar og þaklaga og fótstaða fremur þröng. Júgur eru allvel löguð og júgurband sterkt. Spenar eru stuttir, fremur grannir og vel settir. Mjaltir eru slæmar og allmikið um mismjaltir og skap mjög breytilegt.

Búsæll verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Bloti 04026**

**F: Hófur 96027, M: Teista 274, Eystra Hrauni MF: Kaðall 94017**

Svarti liturinn er algengastur í þessum dætrahópi en alla grunnlitina nema gráan er þar að sjá. Um helmingur hópsins er einlitur og nær öll afbrigði af tvílit finnast þó huppótt sé algengast. Afurðasemi dætra Blota er slök en efnahlutföll há. Þessar kýr eru fremur grannbyggðar með sterka yfirlínu, malabyggingu í meðallagi -fremur þaklaga malir- og fremur þrönga fótstöðu. Júgurgerð er í slöku meðallagi, þó júgurband sé sterkt. Spenar eru stuttir og vel lagaðir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar en skap í slöku meðallagi.

Bloti verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Jaxl 04027**

**F: Stígur 97010, M: Tunga 274, Egilsstaðakoti, MF: Blíður 96166**

Nær allur dætrahópurinn er einlitur og algengustu litir eru rauður, ljósrauður og rauðbröndóttur. Afurðasemi dætra Jaxls er mjög góð, þó eru efnahlutföll slök. Þessar kýr eru fremur grófbyggðar, boldýpt og útlögur í meðallagi og fótstaða góð. Júgur eru vel borin og júgurfesta mjög góð, spenar fremur langir, vellagaðir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar en skap mjög breytilegt.

Jaxl verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Dagur 04035**

**F: Prakkari 96007, M: Fína 738, Dagverðareyri, MF: Gumi 97003**

Rauður eða bröndóttur litur er algengastur hjá þessum kúm, og aðra grunnliti er vart að finna. Ríflega helmingur hópsins er tvílitur og finnast flest tvílitaafbrigði. Afurðasemi dætra Dags er slök einkum hvað varðar mjólkurmagn, þó er próteinhlutfall hátt. Kýrnar eru yfirleitt fremur bolgrannar og hafa fremur grófa yfirlínu. Malir eru grannar, fremur flatar og fótstaða lítið eitt hokin. Júgurfesta og júgurband er gott en júgur tæplega nógu vel borið. Spenar eru ívið of langir og grannir en all vel settir. Mjaltir eru afleitar en skap í meðallagi.

Dagur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Hengill 04037.**

**F: Túni 95024, M: Sara 363, Lambhaga, MF: Blakkur 93026**

Mikil litafjölbreytni einkennir þennan dætrahóp. Algengasti grunnlitur er rauður eða dökkkolóttur. Mun fleiri eru tvílitar en einlitar og huppóttar og skjöldóttar eru algengastar. Afurðasemi dætra Hengils er fremur slök bæði hvað varðar afurðamagn og verðefni. Kýrnar eru

yfirleitt stórar, rýmismiklar og sterkbyggðar. Malir eru fremur breiðar, vel lagaðar og fótstaða góð. Júgur eru allvel gerð en júgurband veikt, spenar langir, fremur grannir en vel settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð um mismjaltir og skap undir meðallagi.

Hengill verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Fjalli 04040**

**F: Hófur 96027, M: Komma 329, Fjalli, MF: Punktur 94032**

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi og sker sig enginn úr nema dökkkolóttur. Meirihluti hópsins er tvílitur og algengustu tvílitir eru huppóttur, síðóttur og skjöldóttur, en nær allir tvílitir finnast. Afurðasemi dætra Fjalla er slök bæði fyrir mjólkurmagn og verðefni. Dætur Fjalla eru frekar smávaxnar og grannbyggðar kýr með þaklaga malir og þrönga fótstöðu. Júgur eru yfirleitt mjög vel borin, en júgurfesta góð og júgurband sterkt. Spenar eru fremur stuttir og grannir en allvel settir. Mjaltir eru góðar og skap kúnna gott.

Fjalli verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

#### **Stíll 04041**

**F: Stígur 97010, M: Steypa 223, Syðri Bægisá, MF: Þráður 86013**

Allir grunnlitir nema gráir finnast í þessum dætrahópi en algengastir eru rauður og kolóttur. Meirihluti dætrahópsins er einlitur en algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Stíls er mjög góð, þó er próteinhlutfall í meðallagi. Þetta eru grannbyggðar kýr en sterkbyggðar með grannar, vel gerðar malir og fremur sterka fótstöðu. Júgur eru mjög vel borin og júgurfesta góð og sterkt júgurband. Spenar fremur langir, grannir en vel settir. Mjaltir í slöku meðallagi og skap aðeins breytilegt.

Stíll verður tekinn í framhaldsnotkun og notaður sem nautsfaðir.

#### **Ári 04043**

**F: Stígur 97010, M: Hönk 213, Stóra Ármóti, MF: Kaðall 94017**

Alla grunnliti má sjá í þessum dætrahópi. Nokkru fleiri eru tvílitir en einlitar og algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Ára er góð einkum hvað varðar afurðamagn en síður varðandi efnahlutföll. Þessar kýr eru sterkbyggðar, boldjúpar með fremur sterka yfirlínu. Malir eru vel lagaðar og lítið eitt þaklaga. Fótstaða er góð. Júgur eru vel borin, í meðallagi sterk og spenar vel lagaðir en framspenar fremur gleitt settir. Mjaltir eru í meðallagi góðar en skap kúnna gott.

Ári verður tekinn í framhaldsnotkun og notaður sem nautsfaðir.

#### **Jaki 04044**

**F: Prakkari 96007, M: Líf 242, Eystra Hrauni, MF: Þyrnir 89001**

Flestir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi en langflestar kýrnar eru rauðar eða bröndóttar. Flestar kýrnar eru tvílitir og flestar þeirra skjöldóttar. Afurðasemi dætra Jaka er mjög góð einkum hvað varðar mjólkurmagn en hinsvegar eru efnahlutföll lág. Þetta eru fremur fínlegar kýr, bolgrannar, með góða malabyggingu og sterka fótstöðu. Júgur eru vel löguð og júgurfesta góð. Spenar eru vel lagaðir og vel settir og mjaltir mjög góðar. Þetta eru mjög skapgóðar kýr.

Jaki verður tekinn í framhaldsnotkun.

**Þjálfí 04047****F: Stígur 97010, M: Vænting 412, Birtingaholti I, MF: Kaðall 94017**

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi en algengastur er rauður. Flestar kýrnar eru einlitar en algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Þjálfá er góð einkum hvað varðar prótein. Þetta eru grannbyggðar og nokkuð grófbyggðar kýr, með mjög þaklaga malir og þrönga fótstöðu. Júgur er allvel lagað en júgurfasta slök, spenar vel lagaðir en grannir. Mjaltir eru allgóðar en skap í tæpu meðallagi.

Þjálfí verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.